



Fundur haldinn af ríkisstarfsmönnum á  
Keflavíkurlflugvelli, mótmælir eindregið reglugerð  
um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðinu  
frá 1. nóvember 1954.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Keflavíkurlflugvöllur – Varnarlið –  
Reglugerð – Vegabréfssvæði – Móttmæli – Ríkisstarfsmenn - 1954

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-12, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur Haldinn af ríkisstarfsmönnum á Keflavíkurflugvelli, sem búsetu hafa innan hinnar fyrirhuguðu varnargirðingar, mótmælir eindregið reglugerð um útgáfu og notkun vegabréfa á varnarsvæðunum á Keflavíkurflugvelli, útgefinni af utanríkisráðuneytinu í Reykjavík, hinn 26. október 1954, sem öðlast skal gildi 20. nóvember þessa árs.

Mótmæll vor byggjum vér á eftirtöldum atriðum:

1. Vér teljum, að útgáfa reglugerðar þessarar eigi sér enga stöð í íslenskum lögum.
2. Vér mótmælum harðlega þeirri skerðingu á ferðafrelsi, sem felst í áður nefndri reglugerð, þar sem oss er gert að skylda, að sýna vegabréf við ferðir til og frá lögheimili voru. Mun það algjört einsdæmi á friðartínum, að íslenskir ríkisborgarar séu krafðir þess í sínu eigin landi. Minnig má geta þessa, að ekki má senda börn innan 12 ára aldurs í skóla eða annara erinda, út af varnarsvæðinu, nema í fylgd með fullorðnum.
3. Vér teljum, að ekki sé heimild í íslenskum lögum að krefja opinbera starfsmenn um greiðslu fyrir vegabréf sem þessi.
4. Ákvæði í reglugerð þessari um skyldur vegabréfshafa, til að bera vegabréfið á áberandi stað utan fata, brýtur í þága við reglur um notkun einkennisbúninga.
5. Vér teljum, að framkvæmd ákvæðis þess, í umræddri reglugerð, er fjallar um heimsóknir gesta á heimili vor, verði algjörlega háð duttlungum lögreglustjóra eða fulltrúa hans, enda virðist reglugerðin gefa tilefni til að álíta, að gestavegabréf verði aðeins gefin út á venjulegum skrifstofutíma. Auk þess hlýtur útgáfa þessara vegabréfa að vera svo þung í vöfum, að gestum verði gert ókleyft að notfara sér ferðir áttlunarbíla til flugvallarins, og þar af leiðandi svo erfitt um vik og kostnaðarsamt, að jafnvel nánustu stettingjar og vinir myndu hliðra sér við að koma í heimsókn.
6. Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, er þeim starfsmönnum, sem búsetu hafa á varnarsvæðinu, en ekki eiga lögheimili þar, óheimilt að fá til sín gesti.
7. Vér teljum enn fremur, að sú frelisskerðing, sem reglugerð þessi hefir í för með sér, sé alvarlegt brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar um persónufrelsi.
8. Vér krefjumst, að reglugerð þessi komi ekki til framkvæmda fyrr en starfsmönnum ríkisins og fjölskyldum þeirra hefir verið séð fyrir viðunandi húsnæði uten varnarsvæðisins, þar eð búseta innan varnargirðingarinnar með slíkum afarkostum komur ekki til greina og mundi neyða oss til þess að segja starfi voru lausu.

Keflavíkurflugvelli 1. nóvember 1954.

Þorvaldur Sveinsson  
 Magnús Björnsson  
 Guðmundur Þingvason  
 Guðmundur Valtíðsson  
 Jóhann Guðmundsson  
 Ólafur Stefánsson  
 Emil Guðmundsson  
 Þinginnar Þingmann  
 Sveinn Þorgeirsson  
 Guðm. Gunnlaugsson  
 Þóroddur Halldórsson  
 Jóhann Þorgeirsson  
 Sigrólfur Halldórsson

Leifur Guðmundsson  
 Ólafur Þorgeirsson  
 Guðfinna Halldórsdóttir  
 Steinn Þorgeirsson  
 Haraldur Guðmundsson  
 Skapti Þorgeirsson  
 Ingi Gunnarsson  
 Kristberg Guðjónsson  
 Þorgeir Þorgeirsson  
 Valgerður